Skólaráðsfundur

12. nóvember 2026 kl. 8:15

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Kristín Hulda Halldórsdóttir og fulltrúi kennara, Erla Ösp Ísaksdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Henríetta Ósk Melsen fulltrúi foreldra og Eyrún Veronika Gísladóttir og Mikael Orri Birkisson fulltrúar nemenda.

1. **Kynning nýrra fulltrúa í skólaráði**
   Nýir fulltrúar í skólaráði boðnir velkomnir.

2. **Hlutverk skólaráðs**
   Farið yfir hlutverk skólaráðs fyrir nýja fulltrúa í ráðinu.

3. **Starfsáætlun skólaráðs**
   Skólastjóri fór yfir starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið. Búið er að setja niður helstu málefni sem verða til umfjöllunar þetta skólaár, m.a. þau sem kveðið er á um í aðalnámskrá grunnskóla. Fundarmönnum bent á að hægt sé að nálgast starfsáætlunina á heimasíðu skólans.

4. **Þróunarverkefni**
   Farið lauslega yfir þau þróunarverkefni og önnur verkefni sem eru í farin af stað þetta skólaár.

5. **Símafriður**
   Símafriður var innleiddur þann 9. nóvember í Stóru-Vogaskóla, sbr. reglugerð nr. 945/2026. Verkefnið fer vel af stað og taka nemendur vel í þessa breytingu. Nemendaráð skólans kom m.a. að símafriðiðnum á samt öllu starfsfólki skólans.

6. **Önnur mál**
   a) Aukinn skák og spilaáhugi í framhaldi af símafrið. Skólastjóri ætlar að vera með hraðskákmót í frímínútum fyrir áhugasama. Fulltrúar nemenda benda á að kaupa megi fleiri UNO spil og Tvennu spil, sem eru vinsæl. Stungið uppá því að kennarar kenni á spilin, einhverjar kennslustundir séu notaðar í það.
   b) Lýst er yfir ánægju með úrbætur á öryggisumferðarmálum við skólann. En fulltrúar nemenda benda á ljóslausa ljósastaura á gönguleiðum úr Grænuborgarhverfi og Dalahverfi. Sömuleiðis er minnst á lélegar og hálfónýtar hraðahindranir á nokkrum stöðum í bænum.

Fundi slitið kl. 9:15
Fundarstjórn og fundarritun: Hilmar Egill